



Ár 2011, miðvikudaginn 15. júní, er kveðinn upp svohljóðandi úrskurður aganefndar Golfsambands Íslands í málinu nr. 1/2011

**Mótsstjórн Arnarins golfmóts  
gegn  
Magnúsi Birgissyni**

Þann 1. júní 2011 barst aganefnd kæra frá mótsstjórн Arnarins golfmóts, dags. 1. júní 2011, á hendur Magnúsi Birgissyni, Golfklúbbnum Keili (hér eftir nefndur kærði), vegna meints agabrots á síðari keppnisdegi mótsins sem fram fór dagana 28.-29. maí sl. Í kæru er kærða gefin að sök óíþróttamannsleg framkoma er hann fyrirvaralaust hætti leik á öðrum degi mótsins án þess að gera mótsstjórн eða dómurum viðvart. Þess er krafist að kærði verði beittur þeim viðurlögum sem nefndinni er heimilt að beita skv. 12. gr. reglugerðar um aganefnd GSÍ.

Á fundi aganefndar þann 6. júní sl. var kæran tekin fyrir og afstaða tekin til hugsanlegra formgalla á kæru. Að mati nefndarinnar voru engir formgallar á kærunni sem gætu valdið frávísun hennar. Af þeim sökum ákvað aganefnd að taka kæruna til efnislegrar meðferðar og var kærða send kæran ásamt fylgigögnum og var skorað á hann að halda uppi vörnum í málinu innan sjö daga frá dagsetningu bréfsins, sbr. 8. gr. reglugerðar um aganefnd. Greinargerð kærða barst aganefnd þann 13. júní sl., þar sem fram kom lýsing hans á málavöxtum og gerði kærði þá kröfu að hann yrði sýknaður af kærunni.

Aganefnd telur ekki þörf á munnlegum flutningi málsins og verður úrskurður nefndarinnar því reistur á þeim skriflegu gögnum sem nefndinni hafa borist.

#### **I. Málavextir**

Í málinu er óumdeilt að kærði hætti leik á seinni keppnisdegi að loknum leik á tíundu holu. Hann tilkynnti meðspilurum sínum um þá ákvörðun sína að hætta leik en kærði segir það hafa verið vegna meiðsla sem höfðu verið að plaga hann á hringnum. Sú lýsing fer ekki að öllu saman við lýsingu málsatvika í kæru eða dómaraskýrslu, þar sem haft er eftir öðrum meðspilara kærða að hann hafi hætt vegna slæms veðurs. Í málinu er óumdeilt að kærði hætti leik án þess að tilkynna það til mótsstjórnar eða dómara. Í greinargerð sinni til aganefndar segir kærði að til hafi staðið að tilkynna mótsstjórн um brotthvarfið en hann hafi hins vegar gleymt því. Áður en kærði kvaddi meðspilara sína undirritaði hann skortkort meðspilara síns fyrir þær 10 holur sem hann hafði ritað og gekk úr skugga um að annar kylfingur í ráshópnum gæti tekið við skráningu skors þar sem frá var horfið.

#### **II. Forsendur og niðurstaða**

Þó lýsing málsaðila sé ekki að öllu leyti sambærileg, er hún óumdeild hvað varðar þau atriði málsins sem aganefnd telur skipta máli vegna niðurstöðu sinnar. Aganefnd telur ekki ástæðu til að draga í efa þær skýringar sem kærði hefur gefið fyrir brotthvarfi sínu úr mótinu.



Samkvæmt golfreglu 6-3b verður „keppandinn að vera alla umferðina í þeim riðli sem nefndin setti hann í, nema nefndin leyfi eða staðfesti breytingu“ og er því brotthvarf úr riðli án vitundar og samþykkis nefndarinnar ekki í samræmi við þessa reglu. Samkvæmt golfreglu 6-6b á keppandinn að fara yfir skor sitt og gera út um vafaatriði og síðan afhenda það nefndinni „eins fljótt og unnt er“. Samkvæmt golfreglu 6-8a er leikmanni óheimilt að hækta leik án gildrar ástæðu. Ef leikmaður hættir leik án leyfis mótanefndar, skal hann skýra mótanefnd frá því eins fljótt og hægt er. Geri hann svo, og mótanefndin metur ástæður hans gildar, fær leikmaðurinn ekki víti. Tilkynni leikmaður ekki nefndinni, sætir hann frávísun. Kærði hætti leik í umrætt sinn án þess að tilkynna um það, eða ástæður þess, til mótanefndar. Er það ámælisvert að mati aganefndar.

Neyðist leikmaður til að hækta leik vegna meiðsla eða veikinda, eins og í tilviki kærða, ætti það að vera honum í lófa lagið að tilkynna slíkt til mótanefndar. Verður slík háttsemi að teljast sjálfsögð auch þess sem hún hefur verið fest í golfreglur. Þá hvílir ávallt sú skylda á kylfingum að sýna starfsmönnum golfmóta tilhlýðilega virðingu við leik sinn, sbr. 10. gr. keppnisskilmála mótanefndar GSÍ sem gefnir eru út skv. reglu 33-1 í golfreglum fyrir þau móti sem haldin eru á vegum sambandsins, 10. gr. móta- og keppendareglina GSÍ auk 14. gr. móta- og keppendareglina Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.

Kærði hefur gengist við því að hafa hætt leik án þess að tilkynna það til mótanefndar eða annarra starfsmanna mótsins. Til þess ber hins vegar að líta að kærði tilkynnti meðspilurum sínum um ákvörðun sína og gekk frá skorkorti meðspilara síns með réttum og tryggum hætti áður en hann hætti leik. Þá hefur kærði beðist velvirðingar á háttsemi sinni.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða aganefndar að háttsemi kærði hafi verið ámælisverð. Þykja viðurlög hæfilega ákveðin áminning til kærða. Ekki þykir ástæða til að skilyrða áminninguna, líkt og heimilt er skv. 12. gr. reglugerðar um aganefnd.

### III. Úrskurður

Kærði er áminntur.

Reykjavík, 20. júní 2011  
f.h. aganefndar

Haukur Órn Birgisson  
Haukur Órn Birgisson

Jóhatan Ólafsson  
Jóhatan Ólafsson

Sigurður Geirsson  
Sigurður Geirsson